

EFNISYFIRLIT

1. Almenn um þessar leiðbeiningar	2
2. Fyrirtæki áður búið að fá viðurkenningu sem farmverndaraðili	2
3. Tollstjóri samþykkir farmverndarfulltrúa	2
4. Farmverndarfulltrúi fær aðgang að vef farmverndar í fyrsta skipti.....	2
5. Farmverndarfulltrúi tengist vef farmverndar eftir fyrsta skiptið	4
6. Atriði sem gæta þarf vel að vegna aðgangs	4

Tölvukerfi Tollstjóra vegna farmverndar

Aðgangur farmverndarfulltrúa að vef farmverndar

Leiðbeiningar fyrir farmverndarfulltrúa

1. Almenn um þessar leiðbeiningar

Þessar leiðbeiningar eru ætlaðar farmverndarfulltrúum sem annast farmvernd hjá viðurkenndum farmverndaraðilum.

Orðið forráðamaður í þessum leiðbeiningum táknar forráðamann fyrirtækisins eða fulltrúa hans sem undirritaði umsókn fyrirtækisins um að verða viðurkenndur farmverndaraðili og ber síðan ábyrgð á framkvæmd farmverndar hjá fyrirtækinu.

Í leiðbeiningunum er gerð grein fyrir því hvernig farmverndarfulltrúi fær aðgang að umsjónarvef vegna farmverndar.

2. Fyrirtæki áður búið að fá viðurkenningu sem farmverndaraðili

Til að farmverndarfulltrúi fái aðgang að umsjónarvef vegna farmverndar þarf fyrirtæki áður að vera búið að fá viðurkenningu frá Tollstjóra sem farmverndaraðili.

3. Tollstjóri samþykkir farmverndarfulltrúa

Þegar farmverndarfulltrúi er samþykktur fær forráðamaður fyrirtækisins sendan tölvupóst. Í tölvupóstinum er gefið upp notandanafn og stofnlykilorð fyrir farmverndarfulltrúann. Forráðamaðurinn þarf sjálfur að afhenda farmverndarfulltrúanum notandanafnið og stofnlykilorðið.

4. Farmverndarfulltrúi fær aðgang að vef farmverndar í fyrsta skipti

Farmverndarfulltrúi fær aðgang að sérstöku vinnusvæði á vef farmverndar. Áður en farmverndarfulltrúi tengist vinnusvæðinu í fyrsta sinn á hann að vera kominn með í hendur sérstakt notandanafn og stofnlykilorð sem forráðamaður fyrirtækisins er áður búinn að afhenda honum. Tollstjóri sendi þessar upplýsingar í tölvupósti til forráðamannsins.

Til að fá aðgang að vinnusvæðinu á að smella á tengilinn *Umsjónarvefur* á aðalsíðu farmverndar, <https://vefagreidsla.tollur.is/farmvernd/>. Þá kemur upp ný síða sem heitir *Innskráning* (mynd 1 hér á eftir).

Mynd 1. Innskráning (tengst í fyrsta sinn; skrá inn notandanafn og stofnlykilorð)

Þegar farmverndarfulltrúi er búinn að skrá notandanafn og stofnlykilorð á að smella á hnappinn *Innskráning*. Nú birtist ný skjámynd, *Breyta notkunarlykilorði*, þar sem farmverndarfulltrúinn er beðinn um að búa til sitt eigið notkunarlykilorð (mynd 2 hér á eftir).

Mynd 2. Breyta notkunarlykilorði (tengst í fyrsta sinn; skrá stofnlykilorð og notkunarlykilorð)

Þegar búið er að skrá stofnlykilorðið aftur og nýja notkunarlykilorð tvisvar (sbr. leiðbeiningar hér að ofan) á að smella á hnappinn *Skrá nýtt notkunarlykilorð*.

Nú birtist ný skjámynd sem er vinnusvæði farmverndarfulltrúa á umsjónarvef (leiðbeiningar um vinnusvæðið eru í öðru skjali). Farmverndarfulltrúi getur strax byrjað að vinna á umsjónarvefnum eða hætt að sinni.

Þegar farmverndarfulltrúinn tengist eftirleiðis inn á vinnusvæði sitt notar hann nýja notkunarlykilorðið sem hann bjó til þegar tengst var í fyrsta sinn.

5. Farmverndarfulltrúi tengist vef farmverndar eftir fyrsta skiptið

Á aðalsíðu á vef farmverndar <https://vefafgreidsla.tollur.is/farmvernd/> á að velja *Umsjónarvefur*.

Þegar farmverndarfulltrúi tengdist vinnusvæðinu í fyrsta sinn bjó hann til sérstakt notkunarlykilorð. Þetta notkunarlykilorð, ásamt upphaflegu notandanafni, notar hann til að tengjast inn á vinnusvæði sitt eftir fyrsta skiptið (mynd 3 hér á eftir).

Mynd 3. Innskráning (tengst eftir fyrsta skipti; skrá inn notandanafn og notkunarlykilorð)

Þegar búið er að skrá notandanafn og notkunarlykilorð á að smella á hnappinn *Innskráning*. Farmverndarfulltrúi fær nú aðgang að vinnusvæði sínu.

6. Atriði sem gæta þarf vel að vegna aðgangs

Starfi sami einstaklingur sem farmverndarfulltrúi fyrir fleiri en eitt fyrirtæki, fær hann sérstakt notandanafn og stofnlykilorð fyrir hvert fyrirtæki sem hann er farmverndarfulltrúi fyrir. Notandanafn og notkunarlykilorð farmverndarfulltrúans segja til um fyrirtækið sem aðgangsheimildin var veitt vegna. Vinnusvæðið sem hann fær aðgang að hverju sinni er bundið við það fyrirtæki sem aðgangsheimildin var veitt vegna.